



Innviðaráðuneyti
Sölvhólgata 7
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 8. október 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um fjarskipti, lögum um Fjarskiptastofu og lögum um fjölmiðla, mál nr. S-182/2025

Samtök iðnaðarins, (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um fjarskipti, lögum um Fjarskiptastofu og lögum um fjölmiðla, mál nr. S-182/2025. Samtökin fagna heildstæðri nálgun í frumvarpinu, þar sem stjórnvöld hyggjast styrkja net- og fjarskiptaöryggi, bregðast markvisst við vaxandi netbrotum og netöryggisógnum og skýra framkvæmd gildandi regluverks.

Helstu markmið frumvarpsdraganna snúa að tæknilegum vörnum gegn svikastarfsemi, sjálfvirkri skimun á tölvupóstum og SMS-um og landslokun svikaléna, að auka vernd fjarskiptasæstrengja, skýra verklag og kostnað við almannaviðvaranir og festa í lög ramma um tíðniheimildir og gjalddöku.

Samtökin gera eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins og eftir atvikum styðja eða gera ekki athugasemdir við aðrar greinar.

2. gr.

Í umfjöllun í greinargerð með drögum frumvarpsins er fjallað um mikilvægi opinbers eignarhalds þess félags sem hefur til umráða ráðstöfun er varðar ýmsa þætti svo sem val á búnaði og ráðstafanir um örugga birgðakeðju o.fl. Er því lýst sem ómöguleika að opinber aðili gæti verið háður einkaaðila um birgðakeðju í þessum efnum. Að mati samtakanna ætti eignarhaldið á félaginu ekki að skipta máli í þessu samhengi. SI hvetja ráðuneytið því til að endurskoða afstöðu til þessa.

3. gr.

Greinin leggur til að kveðið verði sérstaklega á um tilkynningarskyldu til aðila um það ef öryggisbrestur við meðferð persónuupplýsinga hefur skaðleg áhrif á persónuupplýsingar eða einkalíf aðila. Samtökin benda á núverandi regluverk gerir kröfu um að öryggisbrestir vegna vinnslu persónuupplýsinga skuli tilkynntir til Persónuverndar. Þá eru öryggisatvik samkvæmt 80. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022 tilkynnt til Fjarskiptastofu (FST). Að mati samtakanna þarfnast greinin frekari rýni sé ætlunin að fela FST að meta hvort fjarskiptafélög þurfi að tilkynna viðskiptavinum um öryggisbrest. Persónuverndarlöggjöfin hefur þegar skyldað ábyrgðaraðila að tilkynna um slíkt. Virðist sem svo að fyrirhugaðar breytingar feli þannig tveimur eftirlitsaðilum heimild til að veita fyrirmæli. Þá er með öllu óljóst ef upp kemur sú staða að fyrrgreindar stofnanir eru ósammála um mat á því hvort gripið hafi verið til fullnægjandi úrbóta. Samtökin telja tilefni til að skýra betur ábyrgð og verklag vegna tilkynningarskyldu fjarskiptafélaga.



5. gr.

Að mati samtakanna færi betur á því að kveða á um heimild til þess að hindra aðgang að lénnum sem eru á skrá hjá CERT-IS. Að mati samtakanna færi betur á því að kveða á um heimild til þess að hindra aðgang að lénnum sem grunur leikur á að séu notuð í svikastarfsemi sem eru á skrá hjá CERT-IS.

6. gr.

Samtökin styðja breytingarnar sem fram koma að undanskildum c. lið sem kveður á um bann við notkun flottrolla á helgunarsvæði sæstrengja, sem samtökin leggja til að verði felldur út. Er þetta í samræmi við afstöðu Farice, sem SI taka undir. Auk þess taka SI undir með Farice að heimild ráðherra til undanþágu við banni við veiðum og notkun á botnfestingum verði þrengt og afmarkað við veiðafæri.

7. gr.

Samtökin leggja áherslu á að skýringar um ákvæðið í greinargerð verði látnar standa, t.d. varðandi réttlætingu mannlegrar íhlutunar í undantekningartilvikum. Þá hvetja samtökin ráðuneytið til að eiga samráð við fjarskiptafyrirtæki þegar kemur að útfærslu reglugerðar um framkvæmd fjarskiptafyrirtækja á skimun fjarskiptaumferðar.

10. gr.

Samtökin styðja nýtt ákvæði sem nær yfir varaleið fjarskipta sem nýta á í þágu ríkisins með vísan til þjóðaröryggis. Mikilvægt er þó að taka skýrt fram að þagnarskyldan nái til varaleiða fjarskipta sem nýttar eru af ríkinu, en sú þagnarskylda nái ekki til samtals við einkaaðila.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Lilja Björk Guðmundsdóttir'.

Lilja Björk Guðmundsdóttir,
yfirlögfræðingur